

Endanleg dagskrá og tillögur til aðalfundar Skaga hf. árið 2026

Stjórn Skaga hf. hefur boðað til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, þriðjudaginn 17. mars 2026. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Fundurinn hefst kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2025.
2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins.
3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins og greiðslu arðs.
4. Samþykkt starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning endurskoðunarfélags.
9. Kosning tilnefningarnefndar félagsins.
10. Kosning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.
11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum.
12. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum gafst kostur á að fá mál tekin fyrir á aðalfundi með því að leggja fram skriflega eða rafræna kröfu fyrir kl. 16:00 þann 7. mars 2026, sbr. 12. gr. samþykpta félagsins. Engin slík krafa hefur borist félaginu og er því dagskráin óbreytt frá upphaflegu fundarboði og dagskrá.

Boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað í gegnum [Lumi AGM](#). Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi smáforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti. Hluthafar geta jafnframt lagt fram spurningar fyrir aðalfund með tölvupósti á netfangið stjorn@skagi.is eða á aðalfundinum sjálfum.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins í höfuðstöðvum félagsins eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð [Lumi AGM](#).

Opnað verður fyrir forkosningu um þær tillögur sem liggja fyrir fundinum frá kl. 12 til 14 á fundardegi. Nánari leiðbeiningar um forkosningu er að finna í leiðbeiningum um rafræna þátttöku á [vefsíðu félagsins](#).

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á [vefsíðu félagsins](#). Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig á skráningarsíðu fundarins:

<https://www.lumiconnect.com/events/skagiagm2026> eigi síðar en kl. 16.00 þann 15. mars, eða tveimur dögum fyrir fundardag.

Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á. Atkvæðisréttur hluthafa á fundinum fer eftir fjölda hluta á því tímamarki þegar skráningarfresti lýkur. Miðast atkvæðisréttur á fundinum því við hlutafjáreign kl. 16:00 þann 15. mars 2026.

Upplýsingar um fundarboð, sem vísast til að öðru leyti en hér greinir, tillögur stjórnar og greinargerð með þeim, starfskjarastefnu og skýrslu tilnefninganefndar, sem inniheldur m.a. tillögur nefndarinnar að samsetningu stjórnar, má finna á vefsíðu félagsins. Einnig hafa önnur gögn, s.s. ársskýrsla félagsins, skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og enskar þýðingar fundargagna nú verið gerðar aðgengilegar á [vefsíðu félagsins](#).

Reykjavík, 10. mars 2026

Stjórn Skaga hf.